

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 75/2013

2013/EES/61/25

frá 3. maí 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október 2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 363/2012 frá 23. febrúar 2012 um reglur um málsmeðferð við viðurkenningu og afturköllun á viðurkenningu fyrir vöktunarstofnanir eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 607/2012 frá 6. júlí 2012 um ítarlegar reglur varðandi kerfi áreiðanleikakannana og varðandi tíðni og eðli eftirlits með vöktunarstofnunum sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 9bi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„9c. **32010 R 0995:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október 2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað (Stj. tíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði fyrstu málsgreinar 3. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- b) Í stað orðanna „viðauka A, B eða C við reglugerð (EB) nr. 338/97“ í annarri málsgrein 3. gr. komi orðin „viðeigandi hlutum löggjafar um framkvæmd samningsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu í því EFTA-ríki“.
- c) Í stað orðsins „framkvæmdastjórnin(a)“ í 3., 5. og 6. mgr. 8. gr., ef vöktunarstofnanir EFTA-ríkis eru annars vegar og með fyrirvara um bókun 1 við samninginn, komi orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“.

9ca. **32012 R 0363:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 363/2012 frá 23. febrúar 2012 um reglur um málsmeðferð við viðurkenningu og afturköllun á viðurkenningu fyrir vöktunarstofnanir eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað (Stj. tíð. ESB L 115, 27.4.2012, bls. 12).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ ef vöktunarstofnanir EFTA-ríkis eru annars vegar og með fyrirvara um bókun 1 við samninginn, komi orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“.

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stj. tíð. ESB L 115, 27.4.2012, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stj. tíð. ESB L 177, 7.7.2012, bls. 16.

9cb. **32012 R 0607**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 607/2012 frá 6. júlí 2012 um ítarlegar reglur varðandi kerfi áreiðanleikakannana og varðandi tíðni og eðli eftirlits með vöktunarstofnunum sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað (Stjtið. ESB L 177, 7.7.2012, bls. 16).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ í staflið b) í 2. mgr. 6. gr., ef vöktunarstofnanir í EFTA-ríki eru annars vegar og með fyrirvara um bókun 1 við samninginn, komi orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 995/2010, (ESB) nr. 363/2012 og (ESB) nr. 607/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.